

37. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 28.06 2012, Végarði kl. 13.30

Mætt voru Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Anna Jóna Árnarsdóttir og Lárus Heiðarsson. Þorvarður var fjarverandi, en væntanlegur. Einnig var Einar E. Sæmundsen skipulagsfræðingur frá Landmótun mættur.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Þorvarður mætti til fundar kl 14.00

Dagskrá

1. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014, endurskoðun

2. Skýrsla oddvita

3. Verk og vinna á vegum Fljótsdalshrepps

4. Miðvangur 6

a) Verkfundargerð 22.06

b) Samningur um eftirlit

5. Fjallaskarð

Verksamningur

6. Laugarfell

a) Verkfundargerð 08.06

b) Prófunarskýrsla viðvörunarkerfis

7. Bréf

a) Gunnar Jónsson og Bergljót Þórarinsdóttir 11.06

b) Umhverfisráðuneytið dags. 15.06

c) Umhverfisstofnun dags. 31.05

d) Ályktun Félags hreindýraleiðsögumanna 10.03

e) Innanríkisráðuneytið dags. 19.06

f) Alþingi, fjárlaganefnd dags. 18.06

8. Fjarbeiðnir

a) Aflið

b) Félag heyrnarlausra

c) Hafþór Þórarinsson

9. Fundargerðir

a) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 15.05

b) HAUST 13.06

c) Samgöngunefnd SSA 31.05

d) Dvalarheimili aldraðra 14.06

10. Önnur mál

- 1. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014, endurskoðun.** Landmótun vann Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014 sem staðfest var 2. febrúar 2007. Sveitarstjórn ber á á hverju kjörtímabili að yfirfara aðalskipulag og taka afstöðu til hvort þörf sé á endurskoðun þess. Oddviti kynnti að Einar væri kominn á fundinn til að fara yfir með sveitarstjórn hvort þörf sé á endurskoðun og hvernig standa beri að endurskoðun

aðalskipulaga, Landmótun er reiðubúið að annast endurskoðunina. Einar lagði fram minnisblað um líklegan vinnuferil við endurskoðun á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014. Umræður voru um ný skipulagslög og önnur atriði sem tekið hafa breytingum frá því síðasta skipulag tók gildi. Í framhaldi af fundinum mun Einar gera tillögur um verkáætlun og kostnað og sveitarstjórn taka ákvörðun um hvort endurskoðunarvinna verði hafin.

2. Skýrsla oddvita.

Vinnuskólinn hefur tekið til starfa, 6 unglingar eru við þar við störf. Fyrirhugað er að 5. júlí n.k. verði unglingunum kenndar fornar heyskapaðferðir, í samstarfi við Minjasafn Austurlands.

Klasafundur um ferðamál á svæðinu var haldinn í Végarði 6. Júní. Samstarfshópur um áætlunarferðir er aðili að klasanum. Klasinn er m.a. starfræktur með aðstoð Nýsköpunarmiðstöðvar.

Lokið er við framkvæmdir eldhúsgáms við gistihús að öðru leyti en því að smávegis á eftir að þökuleggja við hlið hans og mála þak. HAUST hefur gefið út starfsleyfi fyrir gáminn.

Oddviti hefur ásamt fulltrúum frá LV skoðað staði við Jökulsárbrú þar sem landbrot er sjáanlegt og rekja má til aukins vatns í Jökulsá í kjölfar vatnaflutninga vegna Kárahnjúkavirkjunar. Í undirbúningi hjá LV, er að bregðast við þessum skemmdum og verja bakka.

Tölvuskjár skrifstofutölvu sveitarfélagsins gaf upp öndina og var skipt út ásamt viðkomandi tölvu.

Sókn lögmannsstofa vekur í nýútkomnu fréttabréfi athygli sveitarfélaga á ýmsum ákvæðum nýrra sveitarstjórnarlaga

Fyrirtækið CENTRA fyrirtækjaráðgjöf býður sveitarfélögum þjónustu sína.

3. Verk og vinna á vegum Fljótsdalshrepps. Rætt var um vinnulag sem viðhaft er við verk í undirbúningi og framkvæmd á vegum sveitarfélagsins og möguleika á að setja skýrari reglur þar um.

4. Miðvangur 6.

a) Verkfundargerð 22.06. Framkvæmdir eru hafnar. Kynnt.

b) Samningur um eftirlit. Verkfræðistofa Austurlands er með eftirlit með verkinu. Kynnt.

5. Fjallaskarð

Verksamningur. Skrifað hefur verið undir verksamning við HT-hús. Verktakar munu hefjast handa fljótlega.

6. Laugarfell

a) Verkfundargerð 08.06. Kynnt.

b) Prófunarskýrsla viðvörunarkerfis. Kynnt.

7. Bréf

- a) Gunnar Jónsson og Bergljót Þórarinsdóttir 11.06. Óskað var eftir umsögn sveitarstjórnar vegna fyrirhugaðra kaupa þeirra á ábúðarjörð þeirra (Egilsstaðir í Fljótsdal). Samþykkt að veita jákvæða umsögn.
- b) Umhverfisráðuneytið dags. 15.06. Kynnt. Varða landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- c) Umhverfisstofnun dags. 31.05. Kynnt.
- d) Ályktun Félags hreindýraleiðsögumanna 10.03. Varðar skráningu hálendis- og dreifbýlisslóða.
- e) Innanríkisráðuneytið dags. 19.06. Kynnt. Varðar greiðslu vegna forsetakonsninga.
- f) Alþingi, fjárlaganefnd dags. 18.06. Kynnt. Varðar vinnu við undirbúning fjárlaga.

8. Fjárbeiðnir

- a) Aflið. Hafnað.
- b) Félag heyrnarlausra. Hafnað.
- c) Hafþór Þórarinsson. Samþykkt að styrkja útgáfu Víðivallabræðra með lögum föður þeirra, Þórarins Rögnvaldssonar um kr. 100.000-, einnig að kaupa 25 eintök af diskinum.

9. Fundargerðir

- a) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 15.05. Kynnt.
- b) HAUST 13.06. Kynnt.
- c) Samgöngunefnd SSA 31.05. Kynnt. Sveitarstjórn fagnar nýframkomnum áformum stjórnvalda, um að framkvæmdum við Norðfjarðargöng verði flýtt.
- d) Dvalarheimili aldraðra 14.06. Kynnt.

10. Önnur mál.

- a) Samþykktur styrkur til BFF til kaupa á áburðardreifara kr. 2.5 millj.
- b) Samþykkt að bjóða stjórn Samtaka Orkusveitarfélaga til málsverðar á Skriðuklaustri í fyrirhugaðri ferð þeirra um Austurland um mánaðarmótin.
- c) Samþykkt að greiða kostnað (ca 100 þús) á móti Vegagerð vegna „Ormsplans“ við Hrafnkelsstaði.
- d) Minkaleit var gerð í sveitinni, og fannst eitt greni.
- e) Svar hefur ekki komið frá Vegagerð um styrk úr styrkvegasjóði vegna slóða á Fljótsdalsheiði. Oddvita falið að kanna hvernig þau mál standa. Samþykkt að laga vegslóða í Miðheiði á Klausturselsleið með ræsi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18.00
Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)
Þorvarður Ingimarsson (sign)
Lárus Heiðarsson (sign)
Jóhann F. Þórhallsson (sign)
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)